

ARÐSKRÁ

171

13. des.

fyrir Veiðifélag Vesturdalsár í Vopnafirði.

Arður og gjöld skiptast milli eftirtaldra jarða sem hér segir:

Hauksstaðir	33.33	einingar.
Rjúpnafell	1.46	—
Fremri-Hlíð	7.27	—
Ytri-Hlíð	7.27	—
Vakursstaðir I	6.06	—
Vakursstaðir II	3.64	—
Ljósstaðir	13.09	—
Torfastaðir	5.45	—
Skógar	9.70	—
Norður-Skálanes	1.82	—
Bústaðir	10.91	—

Samtals 100 einingar.

Arðskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 112 9. okt. 1941, um lax- og silungsveiði, til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem blut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 13. desember 1956.

Hermann Jónasson.

Árni G. Eylands.

SAMÞYKKT

172

18. des.

um breytingu á samþykkt um sýsluvegasjóð Vestur-Skaftafellssýslu,
nr. 66 29. marz 1950.

1. gr.

2. gr. samþykktarinnar orðist svo:

Sýsluvegir eru þessir:

Í Hörgslandshreppi:

1. Seljalandsvegur: Af Suðurlandsvegi austan Hverfisfljóts að túngirðingunni á Dalshöfða.
2. Brunasandsvegur: Af Suðurlandsveginum austan Fossála suður á Brunasand, austur með byggðinni og á þjóðveginn hjá Teygingalæk.
3. Hörgsdalsvegur: Frá Hörgsárbrú að Hörgsdal.

Í Kirkjubæjarhreppi:

4. Heiðarselsvegur: Af Holtsvegi vestan við Heiði að Heiðarseli.
5. Holtsvegur: Frá Holti vestur Síðuheiðar að Búlandi í Skaftártungu.
6. Skálarvegur: Af Suðurlandsvegi í Eldhrauni að Skál